

Setningarstaða boðháttarsagna

0. Inngangur

Setningarstaða sagna í persónuhætti hefur verið eitt helsta viðfangsefni þeirra sem hafa fengist við setningafræði germanskra mála undanfarna tvo áratugi eða svo; síðan farið var að gera ráð fyrir því að persónuháttarsagnir færðust iðulega eða alltaf úr grunnstöðu sinni í þá stöðu sem þær hafa í yfirborðsgerð eða S-gerð setninga.¹ Menn hafa deilt um hvar sögnin lendi, hvort hún færist einu sinni eða tvisvar, hvort sagnarfærslur væru hinar sömu í aðal- og aukasetningum, o.s.frv.

Í þessum skrifum er jafnan gengið út frá stöðu þeirra sagna sem eru í framsöguhætti eða viðtengingarhætti. En venjulega er talið að persónuhættir í íslensku séu þrír; sá þriðji er auðvitað boðháttur. Hann er á hinn bóginn mjög sjaldan nefndur í þessu samhengi; og sérstaða hans meðal persónuhátta er auðvitað augljós. Hún felst einkum í tvennu. Annars vegar verða boðháttarsagnir ævinlega að standa fremst í setningu; frumlagið, annarrar persónu fornafnið *þú*, er þá langoftast einhvers konar viðhengi á sögninni. Þetta er sýnt í (1):

- | | | | |
|-----|----|-----------------------------|-------------------------------|
| (1) | a. | Farðu heim! | *Þú far heim! |
| | b. | Vertu rólegur! | *Þú ver rólegur! |
| | c. | Segðu henni ekki frá þessu! | *Þú seg henni ekki frá þessu! |

Hin meginsérstaða boðháttar felst í því að hann kemur ekki fyrir í aukasetningum, eins og sýnt er í (2):

- | | | |
|-----|----|---|
| (2) | a. | *Gerðu svo vel að hafðu/þú haf þig hægan! |
| | b. | *Ég bið þig að vertu/þú ver kyrr! |

Það hefur reyndar verið nokkuð almenn skoðun að boðháttur geti ekki komið fram í aukasetningum í nokkru tungumáli. Þannig halda Platzack & Rosengren (1997) því til dæmis fram að dæmi sem nefnd hafa verið um boðhátt í aukasetningum séu í raun alls ekki boðháttur, heldur beri að greina þau á annan hátt; þau séu "either quotations or belong to some other (e.g. optative) type of verbal paradigm".

En boðháttur hefur ekki alltaf haft þessa sérstöðu meðal persónuhátta í

¹ Þessi grein er byggð á erindi sem ég hef haldið nokkrum sinnum; fyrst á Rask-ráðstefnu Íslenska málfræðifélagsins í janúar 1997, síðan við norrænustofnun Lúndarháskóla í apríl sama ár, og loks á ráðstefnu um sögulega setningafræði í York í maí 1998. Ég þakka öllum sem tóku þátt í umræðum á þessum stöðum fyrir gagnlegar ábendingar.

íslensku. Í fornu máli eru nefnilega allmörg dæmi um að boðháttarsögn standi í öðru sæti setninga; og þar er líka að finna dæmi um boðhátt í aukasetningum. 2 Megintilgangur þessarar greinar er að vekja athygli á þessum dæmum, og velta aðeins vöngum yfir þeim breytingum sem orðið hafa á setningarstöðu boðháttar frá fornu máli til nútíma.³

Í 1. kafla greinarinnar er gerð grein fyrir setningarstöðu boðháttarsagna í nútímamáli, og í 2. kaflanum eru tekin fjölmörg dæmi um ýmsar tegundir boðháttarsetninga í fornu máli. Þar er einnig bent á að hliðstæð dæmi er að finna í forndönsku og fornsænsku, og sýnt fram á að þær breytingar sem hafa orðið á stöðu boðháttarsagna, annars vegar í aðalsetningum og hins vegar í aukasetningum, eru ekki tvær breytingar óháðar hvor annarri, heldur tvær birtingarmyndir einnar og sömu breytingarinnar. Í 3. kafla er svo rætt um eðli og ástæður breytinganna, og sett fram sú tilgáta að í fornu máli hafi boðháttarvirki (operator) ekki verið skyldubundinn í boðháttarsetningum. Einnig er sýnt að þá þrengingu sem orðið hefur á stöðu boðháttarsagna má tengja öðrum breytingum sem hafa stefnt í þá átt að auka áhrif setningafræðilegra reglna á orðaröð málsins, á kostnað merkingarlegra og fúnksjónalískra þátta. 4. kafli er svo lokaorð, þar sem bent er á að sú breyting sem orðið hefur á setningarstöðu boðháttarsagna var a.m.k. ekki um garð gengin fyrr en eftir miðja 16. öld.

1. Setningarstaða boðháttar í nútímamáli


Við skulum fyrst athuga hvernig gera má ráð fyrir að setningarstöðu boðháttar sé varið í nútímamáli. Ég hef reyndar ekki fundið neina greiningu á því fyrir íslensku sérstaklega, en það liggur beint við að yfirfæra á boðháttinn þá greiningu sem höfð hefur verið uppi á öðrum tegundum setninga sem hefjast á sögninni. Þar er um að ræða *já/nei*-spurningar, þ.e. spurningar án spurnarorðs, eins og í (3a), og svokallaða frásagnarumröðun, í (3b):

- (3) a. Skrifaðir þú þessa grein?
b. Skrifaði hann því grein um málið.

² Ég tók fyrst eftir dæmum af þessu tagi þegar ég var að skoða orðaröð í sagnliðnum í fornu máli árið 1992. Upp úr því skrifaði Margrét Pálsdóttir, sem nú er lektor í Kiel, námskeiðsrítgerð hjá mér þar sem hún skoðaði ákveðna þætti þessarar setningagerðar. Sumt af því sem ég segi hér á eftir styðst a.n.l. við þessa vinnu Margrétar.

³ Ég mun eingöngu nota dæmi um boðhátt í 2. persónu eintölu. Önnur form sem kennd eru við boðhátt, þ.e. 1. og 2. persóna fleirtölu, falla formlega saman við myndir framsöguháttar og viðtengingarháttar. Því yrði að greina viðtengingarháttinn frá hinum háttunum á merkingarlegum eða setningafræðilegum forsendum. Merkingarmunur á boðhætti annars vegar og öðrum formum á beiðni eða skipun hins vegar er oft mjög óljós, og því er hæpið að byggja á merkingarlegum rökum; og vegna þess að ég er að fjalla um breytingar á setningarstöðu boðháttarsagna væri mjög vafasamt að nota setningafræðileg rök til að greina boðháttarmyndir frá öðrum sagnmyndum.

Greiningu á slíkum setningum má víða finna; ég læt nægja að vísa hér til Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1989, 1990). Hann telur að í þessum setningum standi sögnin í svokölluðum C-bás, en ákvarðarabásinn þar fyrir framan sé tómur. Í venjulegum fullyrðingarsetningum stendur aftur á móti einhver liður, annaðhvort frumlagið eða annað, í ákvarðarabásnum, eins og sýnt er í (4):




Ekki virðist neitt því til fyrirstöðu að lýsa íslenskum boðháttarsetningum í sama dúr; gera ráð fyrir að boðháttarsagnir standi í C, og ákvarðarabásinn þar fyrir framan sé tómur. Og þó - kannski ekki alveg tómur. Það hefur lengi tíðkast að gera ráð fyrir því að á undan sögninni í spurnarsetningum a.m.k. sé í raun einhver liður, þótt hann hafi ekkert hljóðform. Á bernskuárum generatífrar málfræði var talað um sérstakt abstrakt myndan sem yfirleitt var táknað með bókstafnum *Q* (fyrir *question*; sbr. t.d. Katz & Postal 1964). Gert var ráð fyrir því að þegar þetta myndan stæði fremst hefði það sömu áhrif og þegar t.d. andlag eða atviksliður færir fremst í setningu; ylli svokallaðri umröðun frumlags og sagnar, sem þá var lýst á þann hátt að frumlagið færðist aftur fyrir sögnina. Þessi greining hljómar hreint ekki svo ótrúlega þegar litið er á forníslensku; þar má nefnilega halda því fram að þetta spurnarmyndan geti hljóðgerst í orðinu *hvort*, í setningum eins og í (5):

- (5) a. "Hvort er Flosi svo nær að hann megi heyra mál mitt?"
(*Brennu-Njáls saga*, s. 280)
- b. "Hvort er Önundur sjóni hér í þingbrekkunni?"
(*Egils saga Skalla-Grímssonar*, s. 509)
- c. "Hvort er fagurt skarð í vör Skíða?"
(*Svarfdæla saga*, s. 1823)

Í seinni tíð er þessu lýst á nokkuð annan hátt, og gert ráð fyrir sérstökum **virkJa** (operator) sem standi í ákvarðarabás setningarinnar, og beri tiltekinn spurnarþátt. Þessi virki hefur þá í raun tvenns konar áhrif; annars vegar dregur hann sögnina til sín, þannig að hún færist í C-básinn, og hins vegar teppir hann ákvarðarabásinn, þannig að þangað getur enginn annar liður færst. Með þessu móti hlýtur sögnin að standa fremst í yfirborðsgerð setningarinnar.

Á þeim tímum sem gert var ráð fyrir áður nefndu abstrakt Q-myndani í *já/nei*-spurningum fékk samsvarandi abstrakt boðháttarmyndan, sem táknað var *IMP*, stundum að fljóta með. En vegna þess að boðháttarsetningar í ensku og mörgum öðrum málum eru að mörgu leyti ólíkar *já/nei*-spurningum hefur lítið farið fyrir lýsingum á þeim í nýrri útgáfum generatífrar málfræði. Þó gerir Halldór Ármann Sigurðsson (1989:150) því skóna að í íslenskum boðháttarsetningum sé sérstakur boðháttarvirki án hljóðforms í ákvarðarabás; og sömuleiðis gerir hann ráð fyrir spurnarvirkJa í *já/nei*-spurningum og sérstökum "framhaldsvirkja" í setningum með frásagnarumröðun (1989:150, 1990:62). Þessir virkjar dragi síðan sögnina til sín, þannig að hún færist í C, en teppa jafnframt ákvarðarabásinn fyrir öðrum liðum. Þar með skýrist það að þessar setningagerðir hefjast á sögninni.

Sú greining sem hér hefur verið lýst hefur m.a. þann kost að hún skýrir hvers vegna umræddar setningagerðir sem hefjast á sögninni, þ.e. *já/nei*-spurningar, frásagnarumröðun og boðháttarsetningar, koma tæpast eða ekki fyrir í aukasetningum. Þar situr aukatengingin nefnilega í C-básnum samkvæmt viðurkenndum greiningum. Þess vegna getur sögnin ekki færst þangað, og hefur því enga möguleika á að komast fram fyrir frumlagið. Þar með eru þessar setningagerðir úr leik. Þetta er sýnt í (6):



2. Boðháttarsetningar í fornu máli

Í fornu máli hagar boðháttur sér í stórum dráttum eins og í nútímamáli; það er langalgengast að sögnin standi þar í upphafi setningar. Í textasafni sem hefur að geyma *Íslendinga sögur, Sturlungu, Heimskringlu, Landnámu* og *Grágás* hef ég þó fundið um 100 dæmi þar sem svo er ekki (sbr. líka Falk & Torp 1900:289); í þeim flestum fer frumlagið á undan sögninni. Fáeinar slíkar setningar má sjá í (7).

- (7) a. Ræddi Ólafur að húskarl skyldi inn ganga "en eg mun reka að þér nautin **en þú bitt** eftir." (*Laxdæla saga, s. 1570*)
- b. Hann kvað svo vera skyldu "mun eg vera heima," segir hann, "**en þú far** til tíða ef þú vilt." (*Grettis saga Ásmundarsonar, s. 1055*)
- c. "En fyrir því að þú eggjar svo ákaflega þá skal eg til ráða **en þú fylg** mér drengilega og gakk næst mér ef þú ert eigi með öllu blauður." (*Gísla saga Súrssonar, s. 895*)
- d. "Eg mun hér vera að eigi komist maðurinn út ef hann er hér inni **en þú gakk** til stofu." (*Gunnars þáttur Þiðrandabana, s. 2140*)
- e. "Þenna grip vil eg hafa til míns bús **en þú haf** annað fé í móti." (*Þorsteins saga Síðu-Hallssonar, s. 2063*)
- f. "**En þú lát** sem þú vitir eigi." (*Íslendinga saga, s. 247*)
- g. Nú mun eg þetta allt handsala þér **en þú mæl** eftir þræla mína og fylg því svo skörulega að þú vaxir af en þeir þykist ofgert hafa er mig svívirtu. (*Eyrbyggja saga, s. 575*)
- h. "Hversu sem það er þá vil eg þetta verðkaupið **en þú ráð** hverja sæmd þú leggur henni." (*Svarfdæla saga, s. 1813*)
- i. "Nei," kvað hann Gellir, "heldur vil eg segja upp sættina **en þú sit** fyrir svörunum." (*Bandamanna saga, s. 42*)
- j. En þó mun eg að styðja," sagði Þorgeir, "**en þú ver** fyrir málinu." (*Ljósvetninga saga, s. 1656*)

Allar þessar boðháttarsetningar hefjast á aðaltengingunni *en*. Ég hef alls fundið um 30 slík dæmi í textasafni mínu, en dæmi þar sem boðháttarsögnin kemur næst á eftir *en*, eins og hún verður að gera í nútímamáli, eru þar mun færri. Á hinn bóginn hef ég ekki fundið nein dæmi þar sem frumlag fer á undan boðháttarsögn í upphafi málsgreinar eða á eftir *og*. Þetta er í samræmi við það sem Falk & Torp segja (1900:289):

Ved imperativ sættes i oldnorsk pronomenet foran kun naar det særlig fremhæves, og kun ved *en*: *en þú, Egill, háttá svá ferðum þínum*.

Í forndönsku og fornsænsku virðist þessi orðaröð hins vegar einnig koma fyrir í ótengdum setningum, þótt óljóst sé af lýsingum hversu algengt það er. Í beinu framhaldi af ofangreindri lýsingu Falk & Torp segja þeir (1900:289):

I ældre dansk sættes subjektet oftere først: *thū kynd hannum [...]*.

Og Wessén (1965:121) hefur þetta að segja um fornsænsku:

Särskilt utsättes subjektet, då det skall framhävas, och därför är tryckstarkt. Ex.: *Tw gör aff thenna, huat tu gither! [...]* Att därutöver ett **obetonat** *du* eller *I* utsättes vid imperativ, är karakteristiskt för folkvisestil. Ex.: *Tw älska frihet mer än gull! Tw tak tik wel til wara! [...]*.

En fleira kemur til; það er líka nokkuð um það í fornu máli að atviksliðir standi á undan boðháttarsögn.

- (8) a. **Nú far þú** heim og kom á bæ þann er heitir á Fáskrúðsbakka í miðju héraðinu. (*Vopnfirðinga saga*, s. 2002)
- b. "**Þá bið þú** Guðríðar Högnadóttur til handa mér," segir Grímur, "ef þú vilt að eg sé hjá þér." (*Harðar saga og Hólmverja*, s. 1256)
- c. Og **þá far þú** aftur um Bolungarvöll og kom á Víðivöllu til fundar við sonu Hallsteins og bið þá hingað koma ef þeir vilja hefna föður síns. (*Droplaugarsona saga*, s. 357)
- d. En **síðan far** til sem þriflegast og ort drápu um konunginn. (*Óttars þáttur svarta*, s. 2205)
- e. "**Síðan kom þú** mínu máli sem framast máttu en að lyktum þá neitaðu konungdóminum einum." (*Haralds saga Sigurðarsonar*, s. 640)
- f. **Síðan ríð þú** í braut og ríð Laxárdalsheiði og svo til Holtavörðuheiðar því að þín mun eigi leitað til Hrutafjarðar ... (*Brennu-Njáls saga*, s. 134)
- g. "En **þó gakk þú** að finna konung áður þú farir." (*Brennu-Njáls saga*, s. 129)
- h. "Nú skaltu fara í friði fyrir mér hvert er þú vilt vetrarlangt en **að sumri far þú** út til Íslands því að þar mun þér auðið verða þín bein að bera." (*Grettis saga Ásmundarsonar*, s. 1017)

Setningar af þessu tagi eru útilokaðar í nútímaíslensku. Að því leyti er íslenska ólík þýsku, sem leyfir andlög og atviksliði á undan boðháttarsögn, enda þótt hún leyfi tæplega annarrar persónu fornafn í þeirri stöðu (sjá t.d. Platzack & Rosengren 1997).

Í sjálfu sér þurfa þessi dæmi ekki ekki endilega að stríða gegn þeirri hugmynd að boðháttarsagnir standi ævinlega í C. Liðurinn sem stendur á undan sögninni gæti sem best verið í ákvarðarabás setningarinnar, rétt eins og í venjulegri fullyrðingarsetningu með framsöguhætti, svo sem áður var nefnt. En þá yrði að vísu að endurskoða þá hugmynd að í boðháttarsetningum væri sá bás tepptur vegna þess að þar sæti abstrakt boðháttarvirki.

Með þessu er þó ekki öll sagan sögð. Það óvæntasta við stöðu boðhátarsagna í fornu máli er að þær koma fyrir í aukasetningum. Á það benda Falk & Torp (1900:192):

En eiendommelighed er, at imperativ (ligesom i oldsaksisk, og i oldhøitysk ved "tuon") ogsaa kan forekomme i en med *at* indledet bisætning: *þat ræð ek þér, at þú bið Helga duga þér.*

Sjá einnig Nygaard (1917:30) og Iversen (1973:147). Sama máli gegnir um sænsku, eins og fram kemur hjá Wessén (1965:144):


Någon gång kan imperativ förekomma i bisats, i att-satser efter verb, som betyder 'bedja, bjuda, befalla'. Ex.: Tha sagdhe then ene: "Skip, jak byudhir thik widh Gudz ordh ... at thu kom hit oc föör oss ofwir watnit!" [...]. Jak bidhir thik, at thu, mildasta iomfru, bidh for mik oc hielp mik at faa j hymerike roo [...].

Fáein dæmi úr forníslensku eru sýnd hér í (9):

- (9)
- a. "Gerðu annaðhvort," sagði húskafl, "**að þú far** á brott eða gakk inn og ver hér í nótt." (*Hænsna-Þóris saga*, s. 1428)
 - b. "Það ráð mun eg þér kenna **að þú far** eigi lengra en nú ertu kominn og ætla eg þetta vera heilræði." (*Guðmundar saga dýra*, s. 149)
 - c. "Það mun eg þér ráða **að þú finn** Helga Ásbjarnarson og skorir á hann að hann rétti þitt mál." (*Droplaugarsona saga*, s. 356)
 - d. "Nú vil eg bjóða þér lög," segir Gunnlaugur, "**að þú gjalt** mér fé mitt eða gakk á hólmi við mig ella á þriggja náttu fresti." (*Gunnlaugs saga ormstungu*, s. 1176)
 - e. "Þess bið eg þig frændi," segir Gyða, "**að þú lát** hér eigi ræna og eigi gera hervirki en hafið héðan slíkt sem þér þykist þurfa í birgðum í heimuld." (*Þorgils saga skarða*, s. 604)
 - f. Nú ger þú svo mannlega **að þú rek** þá brottu svo að við þörfnumst eigi allra góðra hluta (*Þorvalds þáttur víðförla*, s. 2326)
 - g. "Eg vil eiga kaup við þig Auður," segir hann, "**að þú seg** mér til Gísla en eg mun gefa þér þrjú hundruð silfurs þau sem eg hefi tekið til höfuðs honum." (*Gísla saga Súrssonar*, s. 890)
 - h. "Ger þú annaðhvort **að þú sel** þá fram ella munum vér brenna upp bæinn." (*Ljósvetninga saga*, s. 1689)
 - i. Nú ger þú svo mannlega **að þú sit** heldur að eignum þínum hér. (*Ólafs saga helga*, s. 399)
 - j. "Verða kann það," segir Arnkell, "en það vil eg við þig mæla, Þórarinn frændi, **að þú ver** með mér þar til er lýkur málum þessum á nokkurn hátt." (*Eyrbyggja saga*, s. 557)

Í aukasetningum með boðháltarsögn kemur nútímamálsorðaröðin aldrei fyrir; boðháltarsögn í aukasetningu stendur alltaf á eftir frumlaginu. Það er eðlilegt út frá því sem áður var sagt, að setningagerðir sem hafa sögnina fyrst eru leiddar út með færslu sagnarinnar í C-básinn. Í aukasetningum situr aukatengingin þar, og því kemur færsla sagnarinnar ekki til greina.

Að vísu væri hugsanlegt að höfða hér til þeirrar greiningar sem venjulega hefur verið notuð til að skýra kjarnafærslu í aukasetningum. Hún ætti nefnilega ekki að geta verið til, vegna þess að þeir liðir sem færðir eru fremst í slíkum setningum verða að fara fram fyrir C, eins og bent var á hér á undan. Til að snúa sig út úr því hafa menn gert ráð fyrir því sem kallað er **CP recursion**, þar sem CP-liðurinn er endurtekinn, og sögnin stendur í neðri C-básnum, en aukatengingin í þeim efri. Þetta er sýnt í (10).



Með þessu móti væri vissulega tæknilega mögulegt að leiða út boðhátt með sögnina á undan frumlaginu í aukasetningu. Það er þó ekki sérlega líklegt að þessi skýring eigi hér við. Í fyrsta lagi lýtur kjarnafærsla í aukasetningum ýmsum lögmálum, sem ekki verður séð að eigi hér við (sjá t.d. Iatridou & Kroch 1992). Í öðru lagi virðist það bara vera frumlagið sem getur komið á undan boðháltarsögn í aukasetningum - ekki atviksliðir eins og í aðalsetningum. Það bendir til þess að sögnin standi þarna á sama stað og í öðrum persónuháttarsetningum. Í þriðja lagi tæki slík skýring ekki til tengslanna milli aðal- og aukasetninga, eins og ég kem nú að.

Eðlilegasta tengingin milli aðal- og aukasetninga að þessu leyti, og jafnframt

eðlilegasta lýsingin á þeirri breytingu sem hefur orðið frá formmáli til nútímamáls, virðist nefnilega fást með því að gera ráð fyrir því að boðháltarsögn sé nú farin að gera ótvíræða kröfu til C-bássins, sem hún gerði ekki áður. Þar með skýrist að frumlagið getur ekki lengur staðið á undan boðháltarsögn í aðalsetningum; C-básinn er fyrir framan frumlagssætið, eins og sést í hríslunum hér að framan.

Og þar með skýrist líka að boðháltur er ekki lengur til í aukasetningum; C-básinn er þar upptekinn. Ef CP-recursion væri hugsanleg í boðháltarsetningum hefði hins vegar átt að vera hægt að grípa til hennar til að verða við kröfu sagnarinnar um stöðu í C; þá væru nefnilega til tveir C-básar, eins og sést í (10), og sögnin gæti staðið í þeim neðri en tengingin í þeim efri. En þá þyrfti heldur ekki að vera neitt samhengi milli þess að aðalsetningar með boðháltarsögn í öðru sæti hverfa úr málinu, og boðháltur hverfur algerlega úr aukasetningum. Sú staðreynd að aukasetningar sem hefjast á boðháltarsögn eru ekki til, hvorki að fornu og nýju, bendir sterklega til þess að CP-recursion hafi aldrei verið möguleg í boðháltarsetningum.

3. Hvað hefur breyst?

Samkvæmt því sem ég hef rakið virðist eðlilegast að líta svo á að breytingin sem hefur orðið á boðhætti sé aðeins ein; sem sé sú að boðháltarsagnir verði nú að færast í C, en hafi ekki endilega þurft þess í fornu máli. Ef við gefum okkur að skýringin á orðaröð boðháltar í nútímamáli sé tilvist abstrakt boðháltarvirkja sem dragi til sín boðháltarsagnir, þá er ljóst að þá lýsingu verður að endurskoða eitthvað til að fella hana að fyrri málstigum. Þar eru í fljótu bragði tveir möguleikar. Annars vegar er hægt að hugsa sér að enginn slíkur boðháltarvirki hafi verið til að fornu, eða a.m.k. ekki skyldubundið; og hins vegar mætti hugsa sér að boðháltarvirkinn hefði verið til, en áhrif hans með einhverju móti önnur.

Ef við hugsum okkur að boðháltarvirkinn hafi í raun alltaf verið til staðar í ákvarðarabás CP í boðháltarsetningum, verðum við að segja að í fornu máli dragi hann ekki alltaf til sín sögnina, eins og hann verður að gera í nútímamáli. Þetta mætti hugsanlega útfæra nánar með hliðsjón af nýrri straumum í setningafræði (sbr. t.d. Chomsky 1993), og gera ráð fyrir að það valfrelsi sem þarna kemur fram stafi af mismunandi styrk þeirra þátta sem máli skipta, annaðhvort á boðháltarvirkjanum eða boðháltarsögninni. Þeir hafi getað verið ýmist veikir eða sterkir, og ef þeir voru sterkir þyrfti boðháltarsögnin að færast setningafræðilega, en ef þættirnir voru veikir mátti sögnin sitja kyrr um stund, en færðist síðan í rökformi setningarinnar. Þetta væri mjög í stíl við ýmsar greiningar á orðaraðartilbrigðum eða breytingum á orðaröð, og þess vegna er því slegið hér fram; en til að hægt væri að halda því fram að þetta væri rétta greiningin þyrfti vitaskuld mun meiri rannsóknir.

Það mælir reyndar á móti þessari greiningu að eins og áður segir er nokkuð um boðháltarsetningar með kjarnafærslu í fornu máli. Þar er því ákvarðarabás setningarinnar upptekinn, og ekki auðséð hvernig koma ætti boðháltarvirkjanum fyrir. Reyndar er það svo að langflestar þessara setninga, 25 af 36, hefjast á *nú*, sem

yfirleitt virðist þar merkingarlítið; þ.e., ekki hafa mikla tíðarmerkingu. Um þetta eru dæmi í (11):

- (11) a. "Nú bú þú til málið en eg mun við taka í sumar á þingi."
(*Vatnsdæla saga*, s. 1899)
- b. "Nú haf þú ráð mitt um þetta og ver hér eigi lengur en eg legg ráð til."
(*Þorsteins saga hvíta*, s. 2059)
- c. "Nú lát hann orna sér og fær hann síðan til sels vors."
(*Ljósvetninga saga*, s. 1686)
- d. "Nú tak þú aftur gleði þína hæfilega."
(*Ljósvetninga saga*, s. 1668)
- e. "Nú ver ef þú vilt og ábyrgst þig sjálfur hvað sem í kann gerast."
(*Sneglu-Halla þáttur*, s. 2218)

E.t.v. mætti hugsa sér að segja að *nú* sé hér ekkert venjulegt atviksorð, heldur hljóðgervingur boðhátarvirkjans, sem annars er venjulega án hljóðforms. Halldór Ármann Sigurðsson (1989:298) er ekki fjarri því að segja eitthvað svipað í sambandi við frásagnarumröðun:

Sentences of this sort normally have the same reading as corresponding sentences with a 'consequence-adverb' or a 'continuity-adverb' in [Spec, CP], most typically *því* 'thus', *þá* 'then', *nú* 'now' (these adverbs are often 'adverbial dummies' of a sort). Thus, it is tempting to assume that NI involves a null-operator in [Spec, CP]. If that is correct, the operator 'binds' or takes scope over the whole sentence, like overt adverbial operators in [Spec, CP].

Eins og Halldór bendir á mætti tengja þetta við *hvort*, sem nefnt var hér að framan sem hljóðgervingur spurnarvirkja. Þá standa þó enn eftir nokkrar setningar þar sem erfitt er að telja upphafslíðinn boðhátarvirkja, eins og flest dæmin í (8) hér að framan.

Það er ljóst að í fornu máli var einhvers konar valfrelsi í stöðu boðhátarsagna. En í staðinn fyrir að skýra það með missterkum þáttum boðhátarvirkjans virðist mér vænlegra að staldra aðeins við og hugleiða eilítið stöðu og hlutverk virkja af því tagi sem hér eru til umræðu í fræðilíkaninu. Reyndar nota menn þessi fyrirbæri oft æði losaralega og án þess að gera skýra grein fyrir því hvað við sé átt; en þó má fullyrða að hlutverk virkja tengist rökformi setninga, þ.e., því sem gerist þegar við túlkum setningar. Virkjarnir eru einhvers konar merkingarlegar eindir, sem hafa áhrif á það hvernig við túlkum setningarnar; þannig er það spurnarvirki sem ræður því að við túlkum setningar með því sem spurningar, frásagnarumröðunarvirki sem ræður því að við túlkum viðkomandi setningar sem einhvers konar framhald, o.s.frv.

Það er hins vegar einn mikilvægur munur á spurnarsetningum og setningum með frásagnarumröðun annars vegar og boðhátarsetningum hins vegar. Hann er sá

að boðháttarsetningar hafa sérstakt beygingarlegt mark, boðháttinn, sem hinar tegundirnar hafa ekki; það er ekki til neinn spurnarháttur eða frásagnarháttur í íslenskri sagnbeygingu, þótt svo sé í sumum tungumálum (sbr. Nida 1949:168-169). Þess vegna mætti halda því fram að það sé ekki þörf á neinum virkja til að túlka boðháttarsetningar sem skipun; form sagnarinnar tryggi slíka túlkun. Í þessu sambandi má benda á að skipanir er auðvitað hægt að gefa á ýmsan annan hátt en með boðhætti, eins og eftirfarandi dæmi sýna:

- (12) a. Vertu rólegur!
b. Þú skalt vera rólegur!
c. Þú átt að vera rólegur!
- (13) a. Gerðu þetta ekki!
b. Þú mátt ekki gera þetta!
c. Ekki gera þetta!

Einnig má benda á að skipanir sem gefnar eru á annan hátt en með boðhætti geta verið í aukasetningum, bæði að fornu og nýju:

- (14) a. "Eg mun gifta þér dóttur mína með þeim skilmála að þú skalt fara áður út til Íslands og drep áður Þorgrím príða og fær mér höfuð hans."
(*Víglundar saga*, s. 1968)
- b. "Það skal upphaf sættar okkarrar Ásbjörn að þú skalt ganga undir landslög þau að sá maður er drepur þjónustumann konungs þá skal hann taka undir þá þjónustu ef konungur vill."
(*Ólafs saga helga*, s. 398)
- (15) a. Ég segi að þú mátt ekki gera þetta!
b. Ég er að segja að þú skulir samt gera þetta!

Þetta sýnir að frá merkingarlegu sjónarmiði er ekkert því til fyrirstöðu að túlka aukasetningar sem skipanir; fjarvera boðháttar í aukasetningum í nútímamáli hlýtur því að vera setningafræðilegs eðlis, eins og áður er haldið fram, en verður ekki skýrð með merkingarlegum ástæðum.

Mér sýnist því sá kostur vænlegastur að gera ráð fyrir því að boðháttarvirkinn hafi verið valfrjáls í boðháttarsetningum í fornu máli. Þess vegna hafi boðháttur getað komið þar fyrir í aukasetningum, því að ekkert dró sögnina þar að C-básnum; þess vegna séu til aðalsetningar með frumlag á undan boðháttarsögn, því að ekkert togaði sögnina fram fyrir frumlagið; og þess vegna séu til aðalsetningar með atviksliði á undan aðalsögn, því að boðháttarvirki teppti ekki ákvarðarabásinn.

Hér má einnig benda á að í nútímamáli er ekki hægt að hafa boðhátt í aðalsetningum sem hefjast á *enda*, þó svo að á eftir *enda* standi sögnin ævinlega á undan frumlaginu, eins og kunnugt er (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1987). Í fornmáli eru aftur á móti dæmi um að boðháttarsögn fari á eftir *enda*, eins og hér sést:

- (16) a. "En það er til bóta að þú munt slíkan á baugi eiga brátt **enda tak þú** nú öxi þína er hér hefir verið." (*Brennu-Njáls saga*, s. 169)
- b. "**Enda far** nú vel og heil, dóttir mín." (*Eiríks saga rauða*, s. 524)
- c. Fór Bergur þá lútari, bikkjan, er eg sló hann svo að hann féll við, **enda kom þú** nú til hólmstefnunnar ef þú hefir heldur manns hug en merar. (*Vatnsdæla saga*, s. 1884)

E.t.v. gæti þetta bent til þess að "atviksskýring" Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1994) ætti við rök að styðjast. Samkvæmt þeirri greiningu stendur *enda* í ákvarðarabás setningarinnar. Þá getur boðháttaþvirki ekki setið þar, og ef við gefum okkur að boðháttaþvirki sé nauðsynleg forsenda boðháttaþsagnar í nútímamáli, þá skýrist það að boðháttaþ og *enda* fara ekki saman. Hafi boðháttaþvirki hins vegar ekki þurft að standa með boðháttaþsögn í fornu máli er ekkert undarlegt að þar getur *enda* staðið í upphafi boðháttaþsetningar.

En hvað merkir það að boðháttaþvirkin hafi verið valfrjáls? Þýðir það að dreifing hans hafi verið tilviljanakennd, eins og búast mætti við ef staða boðháttaþsagna réðist eingöngu af formlegum setningafræðilegum þáttum? Svo virðist ekki vera, ef marka má þann mun sem fram kemur á mismunandi tegundum aðalsetninga í fornu máli. Eins og áður segir hef ég ekki fundið nein dæmi um það í fornu máli að frumlag komi á undan boðháttaþsögn nema aðaltengingin *en* fari á undan. Engin slík dæmi eru í upphafi málsgreinar, og ekki heldur á eftir *og*. Hér er rétt að hafa í huga að í fornu máli er frásagnarumröðun mjög algeng í fullyrðingarsetningum, bæði í upphafi málsgreina og á eftir *og*. Á eftir *en* er hún hins vegar sárasjaldgæf að fornu, og líklega útilokuð með öllu í nútímamáli. Þetta kom greinilega í ljós í hinni víðtæku athugun Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1994). Þar kemur fram munur eins og sýndur er í (17) (tölur frá Halldóri Ármanni Sigurðssyni 1990:45, 51):

(17) Röð	Ótengdar (1. og 2. pers. fn.)	Á eftir og (allir nafnliðir)	Á eftir en (allir nafnliðir)
Sögn - frumlag	96	699	2
Frumlag - sögn	109	84	426

Halldór Ármann taldi að á þessum mun væru merkingarlegar eða pragmatískar skýringar, og hann skýrðist af þeirri merkingu *en* að taka á eftir sér eitthvað óvænt eða óviðbúið (sbr. Eirík Rögnvaldsson 1981). Það er því athyglisvert að sams konar mynstur kemur út í boðháttaþsetningum að fornu. Þar verður sögnin að vera fremst í upphafi málsgreina og á eftir *og*, en getur komið á eftir frumlaginu í setningum sem hefjast á *en*; og raunar eru dæmin um að frumlag fari á eftir sögninni í *en*-setningunum sárafá. Til nánari skýringar má setja þetta svona fram:

(18)		<i>Fullyrðingarsetningar</i>		<i>Boðháttafsetningar</i>
	Upphaf mgr.	Val (V1/V2)		Fast (V1)
	Eftir og	Val (V1/V2)		Fast (V1)
	Eftir en	Fast (V2)		Val (V1/V2)

Ef orðaröð í boðháttafsetningum væri alveg sjálfstætt setningafræðilegt fyrirbæri, skilyrt af boðháttafvirkja en óháð öðrum þáttum í orðaröð, mætti búast við því að dæmi um frumlag á undan sögn í boðhætti væri jafnt að finna í þessum þremur tegundum aðalsetninga; en svo er ekki, því að *en*-setningarnar hafa ekki minni sérstöðu meðal boðháttafsetninga en meðal fullyrðingarsetninga. Þetta bendir þvert á móti til þess að orðaröð í boðhætti hafi að fornu lotið að einhverju leyti sömu lögmálum og orðaröð í fullyrðingarsetningum; verið háð merkingarlegum eða pragmatískum þáttum.

Mér sýnist eðlilegast að túlka breytinguna svo að setningagerð boðháttaf hafi grammatíkalíserast; þ.e., sé ekki lengur að neinu leyti háð merkingarlegum eða pragmatískum atriðum, heldur fastri og ófrávíkjanlegri setningafræðilegri reglu. Hvað það þýðir nákvæmlega er svo annað mál, eins og fram hefur komið hér á undan. Ég hliðra mér hjá að ræða það nánar, en bendi aðeins á að þetta má vel hugsa sér að tengja hugmyndum sem hafa verið settar fram um ýmsar aðrar setningafræðilegar breytingar.

Því hefur nefnilega oft verið haldið fram að setningafræðilegt eðli íslensku hafi breyst frá forn máli til nútímamáls; á eldri málstigum hafi íslenska verið það sem ýmist er kallað "discourse-oriented", "non-configurational" eða eitthvað enn annað, en nútímamálið sé aftur á móti "sentence-oriented" eða "configurational". Án þess að fara út í að skilgreina þessi hugtök má í grófum dráttum segja að munurinn sé talinn felast í því að í fornu máli ráði merking, pragmatík og textasamhengi meiru um gerð setninga en í nútímamáli, þar sem aftur á móti séu komnar til mun stúfari sjálfstæðar setningafræðilegar reglur sem ákvarði setningagerðina.

Dæmi um slíkar vangaveltur má m.a. finna í grein Höskuldar Þráinssonar og Þóru Bjarkar Hjartardóttur (1986), ritgerð Þóru (1993), grein Halldórs Ármanns Sigurðssonar (1993), bók Jan Terje Faarlund (1990), o.v. Ég hef reyndar nýlega talið mig sýna fram á (Eiríkur Rögnvaldsson 1995) að fullyrðingar um að forníslenska hafi verið "non-configurational" séu úr lausu lofti gripnar, og stend enn við það; en eigi að síður finnst mér ljóst að einhvers konar munur í þessa átt er á forn máli og nútímamáli.

4. Að lokum

Hvernig sem á að lýsa og skýra setningarstöðu boðháttaf er ljóst að hún hefur breyst frá fornu máli til nútímamáls. Mér hefur ekki tekist að tímasetja breytinguna nákvæmlega, en þó hef ég fundið nokkur dæmi um boðháttafsögn í öðru sæti, bæði í aðalsetningum og aukasetningum, í *Nýja testamenti* Odds Gottskálkssonar frá 1540.

Nokkur þeirra eru sýnd í (19) og (20).

- (19) a. Lát þá dauðu grafa sína hinu dauðu, **en þú gakk** og boða Guðs ríki.
b. **En þú fylg** þessum pistli eftir sinni skikkan og stunda Jesúm Krist og hans evangelia ...
c. **En þú vert** herkinn sem góður kappi Jesú Kristi.
d. **En þú tala** svo sem það hæfir heilsusamlegum lærdómi.
- (20) a. Því sjá nú til **að þú haga** þér svo í þessum nýja testaments bókum að þú kunnir þær að lesa á þennan hátt.
b. Sjá nú til **að þú seg það** öngum, heldur far þú og sýn þig prestahöfðingjanum og fórna fyrir þinni hreinsun sem Móses bauð til vitnisbyrðar yfir þá.
c. Þá bið eg þig faðir **að þú send** hann í míns föðurs hús því að eg hefi fimm bræður að hann gefi þeim vitneskju af svo að eigi komi þeir í þennan kvalastað.
d. Sjá til **að þú gjör** það ei.

Yngri dæmi sem ótvíræð séu hef ég ekki fundið, þrátt fyrir nokkra leit; en því fer þó fjarri að gagnasafn mitt frá 17. og 18. öld sé nógu ítarlegt til að hægt sé að fullyrða eitthvað um það hvenær breytingin verður. Ég vek þó athygli á að í *Nýja testamenti* Odds eru bæði dæmi úr aðal- og aukasetningum, þannig að enn sem komið er a.m.k. mælir ekkert á móti því að hér sé um eina breytingu að ræða, en ekki tvær.

Lokaorðin verða þessi: Einhvern tíma eftir miðja 16. öld hætti boðhátarsögn að geta staðið annars staðar en í C-bás, og þar með hvarf boðhátur úr aukasetningum. Ekki er fullljóst hvernig skýra beri þessa breytingu, en eðlilegt er að líta á hana í samhengi við ýmsar aðrar breytingar sem hafa stefnt að því að áhrif formlegra þátta á setningagerð málsins aukist, á kostnað merkingarlegra og fúnksjónalískra þátta.

Textar

Íslendinga sögur; ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík, 1985-86:

Bandamanna saga, Brennu-Njáls saga, Droplaugarsona saga, Egils saga Skalla-Grímssonar, Eiríks saga rauða, Eyrbyggja saga, Gísla saga Súrssonar, Grettis saga Ásmundarsonar, Gunnars þáttur Þiðrandabana, Gunnlaugs saga ormstungu, Harðar saga og Hólmverja, Hænsna-Þóris saga, Laxdæla saga, Ljósvetninga saga, Óttars þáttur svarta, Sneglu-Halla þáttur, Svarfdæla saga, Vatnsdæla saga, Víglundar saga, Vopnfirðinga saga, Þorsteins saga hvíta, Þorsteins saga Síðu-Hallssonar, Þorvalds þáttur víðförla.

Sturlunga saga; ritstj. Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík, 1988:

Guðmundar saga dýra, Íslendinga saga, Þorgils saga skarða.

Heimskringla; ritstj. Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Jón Torfason og Örnólfur Thorsson. Mál og menning, Reykjavík, 1991:

Haralds saga Sigurðarsonar, Ólafs saga helga.

Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar; útg. Sigurbjörn Einarsson, Guðrún Kvaran og Gunnlaugur Ingólfsson. Lögberg, Reykjavík, 1988.

Heimildir

Chomsky, Noam. 1993. A Minimalist Program for Linguistic Theory. Kenneth Hale & Samuel Jay Keyser (ritstj.): *The View from Building 20*. Essays in Linguistics in Honor of Sylvain Bromberger, s. 1-52. MIT Press, Cambridge, Mass.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1987. *Enda*. *Nordic Journal of Linguistics* 10:91-108.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1991. Um merkingu og hlutverk íslenskra aðaltenginga. *Mímir* 29:6-18.

Eiríkur Rögnvaldsson 1995. Old Icelandic: A Non-Configurational Language? *NOWELE* 26:3-29.

Faarlund, Jan Terje. 1990. *Syntactic Change. Toward a Theory of Historical Syntax*. Mouton, Berlín.

Falk, Hjalmar, and Alf Torp. 1900. *Dansk-Norskens Syntax i historisk Fremstilling*. Aschehoug, Kristiania.

Halldór Ármann Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. In a Comparative GB Framework. Doktorsritgerð, Lund Universitet, Lund.

Halldór Ármann Sigurðsson. 1990. V1 Declaratives and Verb Raising in Icelandic.

- Joan Maling & Annie Zaenen (ritstj.) *Modern Icelandic Syntax*. Syntax and Semantics 24, s. 41-69. Academic Press, San Diego.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1993. Argument-drop in Old Icelandic. *Lingua* 89:247-280.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1994. *Um frásagnarumröðun og grundvallarorðaröð í forníslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson & Þóra Björk Hjartardóttir. 1986. Pro-drop, Topic-drop ...: Where Do Old and Modern Icelandic Fit in? Östen Dahl & Anders Holmberg (ritstj.) *Scandinavian Syntax*, s. 150-161. University of Stockholm, Stockholm.
- Iatridou, Sabine, & Anthony S. Kroch. 1992. The Licensing of CP-recursion and its Relevance to the Germanic Verb-Second Phenomenon. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 50:1-24.
- Iversen, Ragnvald. 1973. *Norrøn grammatikk*. 7. útg. Aschehoug, Oslo.
- Katz, Jerrold J., & Paul M. Postal. 1964. *An Integrated Theory of Linguistic Descriptions*. MIT Press, Cambridge, Mass.
- Nida, Eugene A. 1949. *Morphology*. The Descriptive Analysis of Words. The University of Michigan Press, Ann Arbor.
- Nygaard, Marius. 1917. *Bemerkninger og rettelser til min Norrøn Syntax*. Aschehoug, Oslo.
- Platzack, Christer, and Inger Rosengren. 1997. On the Subject of Imperatives: A Minimalist Account of the Imperative Clause. *Journal of Comparative Germanic Linguistics* 1.
- Þóra Björk Hjartardóttir. 1993. *Getið í eyðurnar*. Um eyður fyrir frumlög og andlög í eldri íslensku. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Wessén, Elias. 1965. *Svensk språkhistoria* III. Grundlinjer till en historisk syntax. Almqvist & Wiksell, Stockholm.

Eiríkur Rögnvaldsson
Háskóla Íslands
Árnagarði við Suðurgötu
IS-101 Reykjavík, ÍSLAND
eirikur@hi.is